

# Aðalstjórnarfundur UMFT

18. febrúar 2008 20:00

Mætt: Magnús, Elínborg, Gunnar, Böddi, Rannveig, Kalli, Róbert.

Karl segir frá hugmyndum sínum um framhald á vinnu við fyrirmyndardeild eða -félag Tindastóls. Segir frá vinnunni sem Körfuknattleiksdeild hefur farið í. Rætt um möguleikann á framtíðarstefnu félagsins sem fyrirmyndarfélag, verið að ræða hvort að rétt er að semja einhverja ályktun fyrir aðalfund um þessi mál.

Ályktun fyrir aðalfund:

Aðalfundur UMF Tindastóls, haldin á Mælifelli þann 21. febrúar 2008 samþykkir að beina því til allra deilda félagsins að ganga í spor Körfuknattleiksdeildar og hefja vinnu vegna vottunar á félaginu sem fyrirmyndarfélag ÍSí. Stefnt skal að því að félagið verði orðið fyrirmyndarfélag ÍSí á aðalfundi félagsins árið 2010.

Gunnar segir frá fundi sínum með UMSS þar sem rætt var um möguleika á stofnun Frjálsíþróttafélags Skagafjarðar. Niðurstaðan úr þeim fundi var að reyna frekar að vinna saman við ráðningu þjálfara og þjálfra á öllum stöðum sem bjóða upp á frjálsíþróttir í héraðinu. Böddi segir nánar frá þessu og umræða um samvinnu félaganna í Skagafirði í öðrum íþróttagreinum rædd. Mælt með því að Tindastóll sýni gestrisni og hvetji íbúa Skagafjarðar til að nýta sér aðstöðu og æfingar hjá félaginu sama hvaða félagið eða svæði barnið tilheyrir.

Gunnar segir frá ársþingi UMSS sem ferður haldið föstudagskvöldið 29. febrúar 2008 í Verinu á Sauðárkróki í boði Tindastóls. Gunnar leggur fyrri stjórnir deilda að skaffa þingfulltrúa, tvo til þrjá frá hverri deild ásamt formanni og varaformanni félagsins.

Gunnar segir frá samkomulagi Sveitarfélagsins og UMF Tindastóls um bókhaldsmálin. Stefnt er að Elínborg sjái um bókhaldið fyrir allar deildir frá 01.01.2008 í kerfi Sveitarfélagsins með aðstoð Rögnu Hjartar, Gunnars og Magnúsar.